

Ed.

270. Framhaldsnefndarálit

[2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eftir afgreiðslu frumvarpsins við 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða þau atriði þess sem voru óafgreidd og að nokkru var getið um í fyrra nefndaráliti. Hér mun gerð stutt grein fyrir þessum atriðum ásamt viðbótarerindum sem nefndin hefur fjallað um og afstöðu meiri hl. til þeirra. Þá eru og í fylgiskjölum sýnd áhrif þeirra tillagna, sem hér greinir, á Byggingarsjóð ríkisins, Framkvæmdasjóð og heildarlántökur innanlands og erlendis.

Í fyrra nefndaráliti meiri hl. er getið fjögurra atriða sem afstaða hafði ekki verið tekin til fyrir 2. umr. Þar ber fyrst að nefna ósk um 100 m.kr. lántöku til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum. Að mati nefndarmanna er hér um þarft verkefni að ræða, en rétt þykir að beina þeim fyrirtækjum, sem æskja lána í þessu skyni, til langlánanefndar og innlendra lánastofnana. Útflutningslána sjóður óskaði 100 m.kr. lántöku á árinu 1986. Gert er ráð fyrir að heimila sjóðnum að taka 40 m.kr. að láni og jafngildir það endurgreiðslum af erlendum skuldum sjóðsins. Grænfóðurverksmiðjan Vallhólmur hf. fór fram á 23 m.kr. lántökuheimild á árinu 1986. Meiri hl. getur ekki fallist á afgreiðslu þessa erindis þar sem ljóst er að fjárhagsstaða fyrirtækisins í heild verður að fá ítarlegri umfjöllun. Að lokum leggur meiri hl. til að lánveitingar til fiskeldis frá Framkvæmdasjóði nemi 250 m.kr. Ekki er lagt til að binda lánveitingar Bygðastofnunar til fiskeldis og því ljóst að hún hefur frjálssar hendur til slíkra lánveitinga.

Þá er að geta annarra atriða sem meiri hl. leggur til að verði breytt. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 var ekki tekin afstaða til lántöku hitaveitna en gert ráð fyrir óskiptri fjárhæð, 95 m.kr. Þar kom fram að ýmis atriði væru óljós hjá hitaveitum og miðað við að þau yrðu könnuð frekar við umfjöllun þingsins á frumvarpinu. Við frekari athugun er talið að auka þurfi þessar lántökur um 35 m.kr., eða í alls 130 m.kr., og renna þær bæði til skuldagreiðslna og framkvæmda hjá veitunum. Gert er ráð fyrir að þessar lántökur skiptist þannig: Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar 60 m.kr., Hitaveita Akureyrar 40 m.kr., Fjarhitun Vestmannaeyja 10 m.kr., Hitaveita Egilsstaða og Fella 6 m.kr., Hitaveita Reykjahlíðar 6 m.kr. og aðrar hitaveitur 8 m.kr. Miðað við þessar forsendur er svigrúm til lántöku annarra hitaveitna en tilgreindar eru sérstaklega, alls 18 m.kr., þ.e. 10 m.kr. frá Orkusjóði og 8 m.kr. af óskipta liðnum hér að framan. Gætu þær upphæðir verið til ráðstöfunar til annarra hitaveitna sem í vanda eru, m.a. Hitaveitu Siglufjarðar sem sent hefur erindi sem er óafgreitt. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 eru lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins áætlaðar alls 2050 m.kr., þar af eru áætlaðar 150 m.kr. til orkusparandi breytinga á húsnæði og 1900 m.kr. til annarra lána. Í framhaldi af tillögum millipinganefndar um húsnæðislán eru lánveitingar sjóðsins auknar um 230 m.kr., eða í 2280 m.kr. Ráðgert er að afla fjáris með auknum skulda-bréfakaupum lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins.

Nefndinni barst erindi frá nefnd sem fjallar um innlenda skipasmíði þar sem óskað er eftir 300 m.kr. lántöku til viðgerða á skipum innanlands. Lagt er til að afla Fiskveiðasjóði 200 m.kr. láns frá Framkvæmdasjóði í þessu skyni. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs hækkar sem þessu nemur og verður 1442 m.kr. á árinu 1986.

Bent hefur verið á að sjálfsgætt sé að nýta hagstæðustu lánskjör hverju sinni, þar sem þau bjóðast, og hafa jafnan að leiðarljósi að rýra ekki lánstraust þjóðarinnar út á við. Reynslan sýnir að ríkissjóður nýtur hagstæðra lánskjara. Af þessu tilefni leggur meiri hl. til að 10. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að ríkissjóður geti tekið lán og endurlánað Framkvæmdasjóði. Með því móti er gert kleift að láta Framkvæmdasjóð njóta þess ef ríkissjóður nær hagkvæmari lánskjörum á erlendum lánsfjármarkaði á árinu 1986.

Þá er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra verði heimilað að ábyrgjast lán vegna sölu fimm fiskiskipa sem voru raðsmíðuð hérlendis á árunum 1982-1985. Auk þess er lagt til að ríkissjóður yfirtaki hluta fjármagnskostnaðar af þeim lánnum sem skipasmíðastöðvarnar tóku til að fjármagna smíði skipanna. Þetta er óhjákvæmilegt til að greiða fyrir sölu skipanna.

Miðað við framangreindar tillögur meiri hl. nema heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 11 246 m.kr. á árinu 1986. Ráðgert er að 3820 m.kr. verði aflað innanlands og 7426 m.kr. með erlendum lántökum.

Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1986 (millj. kr.)

	Sala- spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankanna	Lífeyris- sjóðir	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opínberir aðilar	1 850	-	-	2 964	4 814
Ríkissjóður, A-hluti	1 850	-	-	2 224	4 074
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs	-	-	-	610	610
Sveitarfélög	-	-	-	130	130
II Húsbyggingarsjóðir	-	-	1 430	-	1 430
Byggingarsjóður ríkisins	-	-	1 050	-	1 050
Byggingarsjóður verkamanna ..	-	-	380	-	380
III Lánastofnanir	-	350	190	1 927	2 467
Framkvæmdasjóður	-	350	150	1 442	1 942
Iðnþróunarsjóður	-	-	-	95	95
Stofnlánadeild landbúnaðarins ..	-	-	40	-	40
Byggðastofnun	-	-	-	350	350
Útflutningslánasjóður	-	-	-	40	40
IV Atvinnufyrirtæki	-	-	-	2 535	2 535
Ósundurliðað	-	-	-	2 535	2 535
Heildarfjárför	1 850	350	1 620*)	7 426	11 246

*) Verðbréfa kaup lífeyrissjóða af öðrum fjárfestingarlánasjóðum eru áætluð alls 290 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS
(millj. kr.)

	Lánsfjár- áætlun 1986	Áætlun 1986
Innstreymi	3 075	3 305
Ríkissjóður	1 300	1 300
Skyldusparnaður, nettó	-50	-50
Lífeyrissjóðir	820	1 050
Afborganir, vextir, verðbætur	795	795
Tekjur tæknideildar	50	50
Annað	10	10
Erlend lán	150	150
Útstreymi	3 075	3 305
Rekstrarkostnaður	65	65
Afborganir, vextir, verðbætur	960	960
Lánveitingar	2 050	2 280

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS 1986 (millj. kr.)

	Lánsfjáráætlun 1986	Áætlun 1986
Fjáröflun	2 022	2 322
Eigið ráðstöfunarfé F.Í.	230	330
Sérstök fjáröflun	50	50
Lán frá innlendum bönkum	350	350
Lán frá lífeyrissjóðum	150	150
Erlend lán	1 242	1 442
Lánveitingar	2 022	2 322
Stofnlánadeild landbúnaðarins	310	310
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	520	520
Fiskveiðasjóður, útlán	350	550 ¹⁾
Iðnlánasjóður	550	550
Lánasjóður sveitarfélaga	20	20
Ferðamálasjóður	60	60
Verslunarlánasjóður	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	20
Landflutningasjóður	8	8
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14
Framkvæmdasjóður og fiskeldi	150	-
Fiskeldi	-	250

¹⁾ Þar af 200 m.kr. til skipaviðgerða innanlands.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.